

Fundargerð 3. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Langholt, í VRII - húsi Verk- og raunvísindadeildar HÍ við Hjarðarhaga.

Tími: 9. okt. 2012 kl. 9.00-10:30

Viðstaddir: Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Íris Þórarinsdóttir (Íþ) og Jónas Elíasson (JE).

Forföll: Aldís Ingimarsdóttir (AI), Dagur Jónsson (DJ).

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
 2. Dagskrá málþingsins "Lífræðileg skólphreinsun á Íslandi"
 3. Kynning á málþinginu
 4. Vefsíða VAFRÍ
 5. Önnur mál
-

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið yfir fundargerð síðasta funda og hún samþykkt.

2. Dagskrá málþingsins "Lífræðileg skólphreinsun á Íslandi"

HÓA og Íþ lögðu fram dagskrá að málþinginu sem ber heitið „Lífræðileg hreinsun skólps á Íslandi“. Fjöldi fagaðila munu halda erindi á þinginu úr fjölbreyttum geirum, þ.e. rekstaraðilar, fræðimenn, stefnumarkandi – og eftirlitsaðilar. Umhverfisstofnun, Orkuveita Reykjavíkur og Háskóli Íslands verða skráðir samstarfsaðilar fyrir málþingið.

Ákveðið var að fá two ráðgjafaverkfræðinga í dagskránnna: Reyni Sævarsson sem fundarstjóra og Brynjólf Björnsson í panelinn. HÓA var falið að biðja umhverfisráðherra að setja þingið. Íþ var falið að taka við skráningum á þingið (til að meta fjölda). Að lokum, var ákveðið að ljúka dagskrá kl. 16:15 til þess að hafa nægan tíma í panelumræður og spurningar og svör fyrir erindin.

3. Kynning á málþinginu

Stefnt er að því að fyrsta kynning á málþinginu verði send út á næstu dögum. Þetta verður gert í formi emails tilkynningar með dagskrá í viðhengi. Farið var yfir texta emailsins og á hvaða póstlista hann yrði sendur. Rætt var um mikilvægi þess að skapa orðspor og umræðu, að nýta þennan mánuð til þess að benda á hugafólki á málþingið, hringja persónulega í vini og samstarfmenn og hvetja þá til þess að mæta. Aðstandendur þingsins, svo og allir ræðumenn, munu vera virkjaðir til að kynna þingið. Íþ var falið að hafa samband við íslenska söluaðila á skólphreinsitækni og bjóða þeim að vera með plaköt í kaffihléi og utfæra greiðslufyrirkomulag.

4. Vefsíða VAFRÍ

Lénið vafri.hi.is hefur verið virkjað. Ingí Rafn Ólafsson, markaðsstjóri Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, tilkynnti forföll fyrir fundinn. Stjórn VAFRÍ ræddi mikilvægi þess að hanna grunnvefsíðu sem allra fyrst, bæði til þess að auglýsa málþingið í nóvember og jafnframt hjálpa við innheimtu félagsgjalda. HÓA var falið að vinna í þessari viku að setja upp grunn upplýsingar á vefsíðuna og fundað verði í næstu (eða þar næstu) viku til þess að virkja stjórnina til þess að uppfæra efni á vefsíðuna.

5. Önnur mál

- a. JE deildi Flóðahandbókinni með fundarmönnum
- b. Íþ kynnti texta að tilkynningu til félagsmanna varðandi innheimtu á félagsgjöldum VAFRÍ. Ákveðið var að bíða í 1-2 vikur að senda póstinn, og leggja alla áherslu í millitíðinni á að koma upp grunn efni á vefsíðu
- c. Næsti stjórnarfundur ákveðinn fyrir næstu eða þar næstu viku, til að ræða vefsíðugerð.

Fundi var lokið um kl. 10:25

Fundarritari: Hrund Andradóttir, hrund@hi.is